

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Framkvæmdaáætlun í Barnavernd 2024-2026*

Forsaga:

Samkvæmt 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skulu sveitarstjórnir marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlanir fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins.

Gildandi framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd er fyrir tímabilið 2019-2023 og var útfærsla hennar unnin af stýrihópi sem í sátu fulltrúar Barnaverndar Reykjavíkur, velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, þar sem hafðar voru að leiðarljósi stefnur Reykjavíkurborgar sem tengjast börnum og unglingum.

Þar sem núgildandi framkvæmdaáætlun rennur út í lok árs og eru nú lögð fram drög að erindisbréfi starfshóps um undirbúning og gerð framkvæmdaáætlunar í barnavernd fyrir tímabilið 2024-2026. Gert er ráð fyrir að drög að nýrri framkvæmdaáætlun verði kynnt velferðarráði á fyrsta fundi þess í maí 2024 og fyrirhugað að framkvæmdaáætlun verði samþykkt í borgarstjórn á fundi í júní 2024.

Greinargerð:

Framkvæmdaáætlun hefur það að markmiði að ná breiðri samstöðu og samvinnu við fjölskyldur, aðrar stofnanir borgarinnar, stofnanir ríkisins og hagsmunaaðila um að öll börn hafi tækifæri til að láta drauma sína rætast. Þau öðlist sterka sjálfsmynd, hafi félagsfærni og trú á eigin getu og nái árangri. Tilgangur framkvæmdaáætlunar er að stuðla að framfylgd stefnu Reykjavíkurborgar í barnavernd og tryggja að starfsmenn Barnaverndar og annarra stofnanna Reykjavíkurborgar hafi þau verkfæri og úrræði sem þeir þurfa til að veita þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra samkvæmt henni. Jafnframt er framkvæmdaáætlun ætlað að gefa yfirsýn yfir þau áhersluverkefni sem ráðast þarf í til að stefnan nái fram að ganga á gildistíma hennar. Framkvæmdaáætlun í barnavernd er ætlað að stuðla að samræmingu aðgerða og vinnubragða þeirra sviða og starfeininga Reykjavíkurborgar sem vinna að málefnum barna, sem og að auknu samstarfi við önnur þjónustukerfi sem starfa á sama sviði.

Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur er verkefnisstjóri við framfylgd áætlunarinnar og hefur með höndum samræmingu aðgerða og heldur utan um mat á framgangi og árangri. Framkvæmdastjóri upplýsir sviðsstjóra velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs árlega um framgang áætlunarinnar auk þess sem markmið og árangursmælikvarðar eru settir í starfsáætlun velferðarsviðs, barnaverndarnefndar og skóla- og frístundasviðs.

Velferðarráð og skóla- og frístundaráð bera ábyrgð á að þeirri forgangsröðun sem birtist í framkvæmdaáætlun sé fylgt í starfsáætlun. Sviðsstjórar velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs bera ábyrgð á að forgangsröðun hlutaðeigandi ráðs sé framfylgt í þjónustunni. Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd er lögð fyrir borgarstjórn til samþykktar.